

Sönglög í maí

Vertu til

Vertu til er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.
Komdu út því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka og rækta nýjan skóg,
sveifla haka og rækta nýjan skóg.

Sól, sól skín á mig

Sól, sól skín á mig,
ský, ský burt með þig,
gott er í sólinni að gleðja sig,
sól, sól skín á mig.

Sólin er risin, sumar í blænum,
sveitirnar klæðast nú feldinum grænum,
ómar allt lífið af ylríkum söng,
unaðsbjörtu dægri lög.

Sól, sól skín á mig,
ský, ský burt með þig,
gott er í sólinni að gleðja sig,
Sól, sól skín á mig.

Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindin, það getur hún.
Hún hefur sagt mér, að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefir sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefir sagt mér að vakna og vinna
og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Út um mela og móa

Út um mela og móa,
syngur mjúkrödduð lóa,
og frá sporléttum spóa
heyrist sprellfjörugt lag.
A-a-a hollera.....

Út um strendur og stalla
hlakkar stór veiðibjalla.
Heyrið ómana alla
yfir flóa og fjörð.
A-a-a hollera.....

Hérna er krían á kreiki,
þarna er krumminn á reiki.
Börnin léttstíg á leiki
fara líka í dag.
A-a-a hollera.....

Þú sólageisli sem gægist inn

Þú sólageisli sem, gægist inn
og glaður skýst inn um gluggann minn.
Mig langar svo að líkjast þér
og ljósi varpa á hvern sem er.